

# Aðalfundur Líknarfélagsins

25. september 2010

„Verið [mildar] við suma, þá sem eru efablandnir“

**Barbara Thompson**  
annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins

Kæru systur, hve blessuð ég er að vera meðal ykkar og finna styrk ykkar og elsku til Drottins. Þakka ykkur fyrir þá elsku og hluttekningu sem þið sýnið öðrum í daglegu lífi.

Við vitum að á fyrri tímum Líknarfélagsins í Nauvoo fóru systurnar húsa á milli til að veita þjónustu, meta þarfir, gefa matvæli, annast sjúka og sýna hverri konu og fjölskyldu hennar ástúð og hluttekningu.<sup>1</sup> Það vekur upp í hugann þessa ritningargrein í Júdas: „Verið mildir við suma, þá sem eru efablandnir.“<sup>2</sup> Þegar ég íhuga þessa ritningargrein og merkingu hennar, beinast hugsanir mínar til frelsarans og hinna mörgu tilvika þar sem ritningarnar greina frá elsku hans og hluttekningu til allra.

Við lesum víða í ritningunum um að Kristur hafi „kennt í brjósti“<sup>3</sup> um fólkið er hann sinnti þörfum þess. Hann sýndi fólkinu samúð með því að næra það þegar hann sá það hungrað, lækna það þegar hann sá það sjúkt, fræða það þegar hann sá það í andlegri nauð.

Samúð er að finna til elsku og miskunnar í garð einhvers annars. Í henni felst hluttekning og þrá eftir að líkna öðrum í þjáningum þeirra. Í henni felst gæska og góðvild gagnvart öðrum.

Frelsarinn hefur boðið okkur að gera það sem hann hefur gert,<sup>4</sup> að bera hver annars byrðar, hugga þá sem huggunar þarfnast, syrgja með syrgjendum,<sup>5</sup> seðja hungraða, vitja sjúkra,<sup>6</sup> styrkja veikbyggða, lyfta máttvana örmum,<sup>7</sup> og „fræða hvert annað um kenningu ríkisins.“<sup>8</sup> Mér finnst þessi orð lýsandi fyrir heimsóknarkennara – þá sem veita öðrum þjónustu.

Heimsóknarkennsla gefur konum kost á að vaka yfir og kenna hver annarri og styrkja hver aðra. Á líkan hátt og kennara í Aronsprestæminu er falin sú ábyrgð að „vaka stöðugt yfir söfnuðinum“ og „vera með honum og styrkja hann,“<sup>9</sup> þá sýnir heimsóknarkennari elsku sína með því að annast í bænaránda hverja þá konu sem hún er kölluð til að þjóna.

Systir Julie B. Beck áminnti okkur: „Þar sem við fylgjum fordæmi og kenningum Jesú Krists, þá er okkur hjartfólgið hið helga hlutverk okkar að elska, þekkja, skilja, kenna og þjóna fyrir hans hönd.“<sup>10</sup>

Í dag ætla ég að ræða tvennt:

1. Blessanirnar sem þið veitið öðrum með þjónustu ykkar sem heimsóknarkennarar.
2. Blessanirnar sem þið hljótið með því að þjóna öðrum.

**Blessanirnar sem þið veitið öðrum með þjónustu ykkar sem heimsóknarkennarar**

Fyrir nokkru vitjaði ég hóps kvenna í Anchorage, Alaska. Um tólf konur voru í herberginu og sex aðrar frá borgum víða um Alaska tóku þátt í gegnum símkerfi. Margar þessara kvenna bjuggu í hundruð kílómetra fjarlægð frá kirkjubyggingunni. Þessar konur fræddu mig um heimsóknarkennslu.

Að heimsækja allar systurnar hefði krafist ferða með flugvélum og skipum eða langrar bílferðar. Augljóslega er ómögulegt að fara í slíkar heimsóknir sökum tíma og útgjalda. Þessar systur voru þó nánar, því þær báðu oft hver fyrir annarri og leituðu leiðsagnar heilags anda til að þekkja þarfir systranna, jafnvel þótt þær væru þar ekki sjálfar í eigin persónu. Þær höfðu samband í gegnum síma, á Alnetinu og með pósti. Þær þjónuðu af elsku, því þær höfðu gert sáttmála við Drottin og þráðu að blessa og styrkja systurnar.

Annað þar heimsóknarkennara í lýðræðisríkinu Kongó gekk langar leiðir til að heimsækja konu og barnið hennar. Þessar systur undirbjuggu boðskap í heitri bæn og vildu vita hvernig þær gætu hjálpað þessari hjartfólgnu konu sem þær vitjuðu. Konan hreifst af heimsókn þeirra. Henni fannst koma þeirra vera boðskapur frá himni sem aðeins var ætlaður henni. Koma heimsóknarkennaranna á þetta fábrotna heimili varð til að uppbyggja og blessa systurina, fjölskyldu hennar og heimsóknarkennarana. Hinn langi göngutúr virtist ekki vera fórn. Þessir heimsóknarkennarar sýndu hluttekningu, veittu varanlega hjálp og blessuðu líf konunnar.

Fjarlægðir, útgjöld og öryggismál gera mánaðarlegar heimsóknir ómögulegar á sumum svæðum kirkjunnar, en fyrir kraft persónulegra opinberana geta þær systur sem sannlega reyna að vaka yfir og sýna hver annarri ástúð og efla hver aðra, fundið mikilvægar leiðir til að framfylgja þessu boði Drottins.

Innblásnir Líknarfélagsforsetar ráðgast við biskup sinn og útdeila með bæn heimsóknarkennslunni, til að hjálpa honum að vaka yfir og annast allar konur í deildinni. Þegar við skiljum framvindu ráðgjafar og opinberunar, áttum við okkur betur á mikilvægi þeirrar ábyrgðar okkar að veita þjónustu og reiða okkur meira á handleiðslu andans í starfi okkar.

Ég er ein þeirra sem heimsæki nokkrar konur í hverjum mánuði og segi síðan af létti og ánægju: „Ég hef lokið heimsóknarkennslunni!“ Þeim hluta sem ég greindi frá kann að vera lokið, en hvílfur vansi ef hann er eina ástæða þess að ég ræki þessa skyldu.

Það frábæra við heimsóknarkennsluna er ekki að sjá 100% á mánaðarskýrslunni; það frábæra við heimsóknarkennsluna er að sjá framfarir í lífi fólks, tár hverfa, vitnisburð vaxa, fólk elskað, fjölskyldur eflar, fólk gleðjast, hungraða nærða, sjúka heimsóttá og syrgjendur huggaða. Heimsóknarkennslan tekur í raun aldrei *enda*, því við styrkjum og vökum ávallt yfir.

Önnur blessun heimsóknarkennslu er aukning einingar og elsku. Ritningarnar segja frá hvernig það er gert: „Og hann bauð þeim, að ... horfa fram á við einhuga, í einni trú, í einni skírni og hjórtu þeirra skyldu tengd böndum einingar og elsku hver til annars.“<sup>11</sup>

Margar konur hafa sagt frá því að þær hafi orðið virkar í kirkjunni að nýju vegna trúfastra heimsóknarkennara sem komu mánuð eftir mánuð til að þjóna þeim, koma þeim til bjargar og elska og blessa þær.

Stundum er mikilvægast að miðla boðskapnum í einhverri tiltekinni heimsókn. Sumar konur njóta lítils annars andlegs í lífi sínu en þess boðskapar sem þið færið þeim. Boðskapur heimsóknarkennara í *Liahóna* og *Ensign* er trúarlegs eðlis, til að auka trú kvennanna, efla fjölskyldu þeirra eða leggja áherslu á kærleiksríka þjónustu.

Stundum felst mikilvægasta blessun heimsóknar ykkar í því einu að hlusta. Hlustun veitir huggun, skilning og lækningu. Öðrum stundum kunnið þið að þurfa að bretta upp ermarnar og gera húsverkin eða reyna að hugga grátandi barn.

### **Blessanirnar sem þið hljótið með því að þjóna öðrum**

Blessanirnar sem þið hljótið er þið þjónið öðrum eru margar. Stundum hef ég sagt: „Æi, ég verð að skila af mér heimsóknarkennslunni!“ (Það var á þeim tíma er mér gleymdist að ég var að heimsækja og kenna konum. Það var á þeim tíma er ég leit á heimsóknarkennslu sem byrði fremur en blessun.) Ég get með sanni sagt að þegar ég hafði farið til að heimsóknarkenna leið mér alltaf betur. Ég uppbyggðist, fann ástúð og blessun, yfirleitt meira en systirin sem ég heimsótti. Elska mín jókst. Þrá mín til að þjóna jókst. Og ég fékk séð hve dásamlega himneskur faðir hefur séð fyrir því að við vökum yfir og berum umhyggju hver fyrir annarri.

Aðrar blessanir þess að vera heimsóknarkennari er að við fáum að kynnast og verða vinir þeirra sem við hefðum annars ekki kynnst. Stundum gerir það okkur kleift að vera bænasvar einhvers. Persónuleg opinberun og andleg upplifun tengjast einnig náið heimsóknarkennslu.

Einhverjar auðmjúkustu, gleðilegustu og andlegustu upplifanir í lífi mínu hef ég hlotið er ég hef setið á heimilum kvenna í deild minn og víða um heim. Við höfum kennt hver annarri fagnaðarerindið. Við höfum grátið saman, hlegið saman, unnið úr vanda saman og ég hef uppbyggst og verið blessuð.

Kvöld eitt, er dró að mánaðarlokum, var ég að búa mig undir að fara úr borginni en hafði enn ekki heimsótt eina systra minna. Þetta var síðla kvölds. Ég hafði ekki mælt mér mót. Ég hafði ekki hringt. Ég hafði ekki féлага. En ég ákvað að mikilvægt væri að heimsækja vinkonu mína, Julie. Dóttir Julie, Ashley, hafði fæðst með stökkbeinasjúkdóm. Þótt Ashley væri næstum sex ára, var hún samt afskaplega smávaxin og ófær um að gera yfirleitt nokkuð annað en að hreyfa hendurnar og tala. Hún lá á sauðskinnsgæru allan daginn. Ashley var hamingjusamt og glaðvært barn og mér fannst yndislegt að umgangast hana.

Á þessu ákveðna kvöldi, þegar ég kom að heimili Julie, bauð hún mér inn og Ashley kallaði á mig og sagðist vilja sýna mér nokkuð. Ég fór inn til Ashley og kraup niður við hlið hennar, en móðir hennar var hinu megin við hana. Ashley sagði: „Sjáðu hvað ég get gert!“ Með örlítilli aðstoð frá móður sinni gat Ashley snúið sér á hliðina og svo aftur til baka. Það hafði tekið hana næstum sex ár að ná þessu dásamlega markmiði. Þegar við klöppuðum og fögnuðum og hlógum og grétum saman við þetta sérstaka tækifæri, þakkaði ég himneskum föður fyrir að hafa farið til að heimsóknarkenna og ekki misst af þessum undursamlega atburði. Þótt þessi heimsókn hafi átt sér stað fyrir mörgum árum, og hin yndislega Ashley sé nú látin, mun ég ætíð vera þakklát fyrir að hafa átt þessa reynslu með henni.

Mín hjartfóligna móðir var dásamlegur og dyggur heimsóknarkennari í mörg ár. Hún hugsaði stöðugt um hvernig hún gæti blessað fjölskyldurnar sem hún heimsótti. Hún sýndi börnum kvennanna sem hún kenndi sérstaka athygli í þeirri von að efla fjölskyldur þeirra. Ég man eftir einum fimm ára gömlum sem hljóp upp í fang móður minnar í kirkju og sagði: „Þú ert heimsóknarkennarinn minn. Ég elska þig!“ Móður minni var það blessun að eiga hlutdeild í lífi þessara dásamlegu kvenna og fjölskyldna.

Ekki eru allar upplifanir heimsóknarkennslu hlýjar og yndislegar. Stundum eru þær erfiðar, til að mynda þegar heimila er vitjað þar sem við erum ekki velkomnar eða þegar reynt er að eiga mót við systur sem stöðugt er önnum kafin. Það kann að taka lengri tíma að byggja upp gott samband við sumar systur. En þegar við reynum af einlægni að sýna elsku og umhyggju og biðja fyrir einhverri systur, mun heilagur andi vísa okkur á leið til að vaka yfir henni og efla hana.

Thomas S. Monson forseti er meistari í þjónustu, líkt og frelsarinn var. Hann er stöðugt að hjálpa og heimsækja aðra. Hann sagði: „Við erum umlukt þeim sem þarfnast athygli okkar, hvatningar okkar, stuðnings, huggunar og gæsku ... Við erum hendur Drottins hér á jörðu, tilnefnd til að þjóna og lyfta börnum hans. Hann reiðir sig á sérhverja okkar.“<sup>12</sup>

„Og enginn getur aðstoðað við þetta verk, nema hann sé auðmjúkur og fullur elsku, eigi trú, von og kærleika og sé hófsamur í öllu, hverju því sem honum verður treyst fyrir.“<sup>13</sup>

Okkur hefur verið falið að bera umhyggju fyrir konunum sem við heimsóknarkennum. Við skulum sýna elsku og samúð og þannig gera gæfumuninn í lífi þeirra sem okkur er falið að annast.

Systur, ég ann ykkur. Ég bið þess að þið finnið elsku himnesks föður og frelsara okkar Jesú Krists. Ég ber ykkur vitni um að frelsarinn lifir. Í nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. Sjá Jill Mulvay Derr, Janath Russell Cannonn og Maureen Ursenbach Beecher, *Women of Covenant*, 32–33.
2. Júd 1:22.
3. Matt 9:36; 14:14.
4. Sjá Jóh 13:15.
5. Sjá Mósía 18:8–9.
6. Sjá Mósía 4:26.
7. Sjá K&S 81:5.
8. K&S 88:77.
9. K&S 20:53–54.
10. Julie B. Beck, „Relief Society: A Sacred Work,“ *Liahóna*, nóv. 2009, 113.

11. Mósía 18:21.

12. Thomas S. Monson, „What Have I Done for Someone Today?“ *Liahóna*, nóv. 2009, 86.

13. K&S 12:8.